
E F N I

LESBÓK
MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.




Sigurður

málari, eða maðurinn sem orti Aldahroll, nefnist grein eftir Þorstein Antonsson í röð hans „Úr glatkistunni". I næsta blaði birtist síðan kvæði hans, Aldahrollur. Sigurð þarf varla að kynna; þessi brautryðjandi í myndlist og hugsjónamaður um menningu Íslendinga var óþreytandi í viðleitni sinni að bæta úr hvorutveggju, þó af engum efnum væri, nema hinum andlegu.

Forsíðan

Á myndinni er myndverk eftir Halldór Ásgeirsson, eitt af þeim sem hann sýnir nú í austursal Kjarvalsstaða. Sýningin hefur staðið í tvær vikur og lýkur henni á sunnudagskvöld. Halldór er einn þeirra ungu listamanna, sem gera ekki skörp skil á milli málverks og skúlptúrs. Hann sótti innblástur og áhrif í svokallaða frumstæða list og gerir ennþá, en áhrif frá konsepti, eða hugmyndalist, virðast einnig fyrir hendi. Þannig sækja nútíma listamenn hugmyndir sínar til ýmissa ólíkra átta.





Ferðablaðið

fjallar að þessu sinni m.a. um ævintýraland skíðamannsins, Bandaríkin, og hina frægu skíðastaði þar, svo sem Aspen, Squaw Valley, Mommouth og Telluride.

TÓMAS GUÐMUNDSSON

Fljúgandi blóm

Vel sé yður, ó, vængjaða blómskrúð drottins,
vinir himins og jarðar, sem einhverju sinni,
löngu áður en ártöl og sögur hófust,
uxuð til skínandi flugs upp af jörðinni minni.

Því fögnuður yðar fann sér ei lengur rætur
í faðmi hennar, og þó hafði jörðin borið
að sínu leyti umhyggju fyrir yður
engu minni en jafnvel sólin og vorið.

En þökk sé yður, að hversu hátt sem þér leitið
mót himni og sól, þá komið þér ávallt til baka
að syngja fyrir þau blómin, sem urðu eftir
og enn hafa hvorki lært að fljúga né kvaka.

Og seg þú mér, ljóð mitt, hvort er ekki einmitt þetta
hin eina gleði, sem sálir og kvæði varðar,
að mega í auðmýkt fara að dæmi fuglsins,
sem flýgur í erindum guðs milli himins og jarðar?

R A B B

Er agaleysið alveg agalegt hjá okkur?

Um daginn sá ég hluta af sjónvarpsþætti um aga eða agaleysi meðal okkar Íslendinga, og sé ég, að einhver blaðaskrif hafa orðið vegna hans.

Nú er það svo, að alhæfingar um þjóðir og þjóðareinkenni, svo að ekki sé minnzt á sjálft „þjóðareðlið", eru mjög hæpnar. Að minnsta kosti verður þá vart annað lesið út úr mannkynssögunni en að þjóðir breyti oft um „eðli" sitt og helztu einkenni. Slíkir alhæfingar-dómar eru venjulega ekki annað en huglægir fordómar, grundvallaðir á tilfinningalegu mati og einhvers konar nágranna-óvild, sem hver étur upp eftir öðrum. Fyrst ég nefni fordóma, minnist ég þess reyndar, að hafa fyrir nokkru lesið ummæli eftir einhvern útlendan stjórnmálamann, sem á að hafa sagt, þegar hann var setztur í helgan stein að ævilokum, að mest væri alltaf að marka fordóma. Því mætti treysta, að þar kæmi innsta hugsun einstaklingsins fram, órugluð af vangaveltum fram og til baka og skoðunum annarra. Því ætti sannur stjórnmálarefur alltaf að hlusta vandlega eftir óundirbúnu tali almennings, þar sem hin sanna skoðun hans brytist fram í órökstuddum fordómum.

Hvað um það. Hver hefur ekki heyrt Íslendinga tala um, að Þjóðverjar séu frekir, Englendingar stífir, Svíar hrokafullir, Norðmenn leiðinlegir, Bandaríkjamenn barnalegir o.s.frv.? Allar aðrar þjóðir en við eiga að vera nízkar eða a.m.k. naumar á fé, láta sig muna um fimmeyringinn, spara rafmagn til ljósa, horfa í hitunarkostnað íbúða sinna og vinnustaða, taka sykurmola heim af kaffistofum og þykja gott að láta aðra greiða reikninga í veitingahúsum. Vegna þess hve það er almennt álit Íslendinga, að útlendingar séu samhaldssamir, jafnvel nirflar, gæti það bent til þess, að eitthvað sé til í þessum samanburði. E.t.v. er þetta merki þess, að við kunnum ekki með fé að fara, séum flottræflar. Ég get ekki neitað því, að mér hefur löngum þótt útlendingar, af hvaða þjóðerni sem er, umgangast fjármuni af sýnu meiri gætni en okkur Íslendingum er almennt tamt. „Fé græðist, fé eyðist", hafa Íslendingar oft sagt, eða á seinni árum kannske fremur: „Þetta reddast allt einhvern veginn á endanum" og „er á meðan er".

Raunar veit ég, að alls konar fordómar um aðrar þjóðir eru í gangi hjá öllum þjóðum. Ég held, að þeir séu aldrei alveg meinlausir, þótt oft séu þeir settir fram í skrítluformi, og stundum eru þeir blátt áfram skaðsamlegir. Hástig þeirra er nefnt kynþáttafordómar. Það er ein af mörgum sjálfsblekkingum, sem eru í umferð hjá okkur, þegar við ímyndum okkur, að við séum með fullkomlega hreinan skjöld í þeim efnum. Þessu höldum við samt fram, þó að við höfum flest einhvern tíma orðið vör við hið gagnstæða í tali manna. Eitt afbrigðið er að hæðast að fólki af sömu þjóð, sem búsett er í öðrum landsfjórðungum, sýslum og hreppum en maður sjálfur. Það er gamall siður hjá okkur að gefa fólki lyndiseinkunnir eftir landshlutum, og má til dæmis lesa um slíkt í safni Jóns Árnasonar.

En hvernig fer, þegar þjóð fer að gefa sjálfri sér einkunnir? Venjulega eru þær vitanlega mjög jákvæðar, þótt það, sem ég heyrði af umræðum í áðurnefndum sjónvarpsþætti, hnigi í afar neikvæða átt. Íslendingar í þættinum virtust allir hafa verulegar áhyggjur af ögunarleysi okkar, en eini útlendingurinn, sem ég heyrði í, taldi okkur hins vegar mjög agaða. Mér heyrðist hann taka dæmi af manni, sem biði eftir rauðu ljósi við gatnamót Bankastrætis og Lækjargötu, þótt enginn bíll væri sjáanlegur. Hann hlýtur þá að hafa séð mig á ferli þarna, því að oft hef ég beðið einn eftir rauða ljósinu, eftir að aðrir gangandi vegfarendur hafa ætt út á Lækjargötu miðja. Ég stend einn eftir, ákaflega óþjóðlegur, meðan aðrir landar mínir taka áhættuna.

Satt bezt að segja, erum við Íslendingar ákaflega gjarnir á að fræða útlendinga, sem á vegi okkar verða, um sjálfa okkur, land, þjóð og sögu. Þetta hefur orðið nokkuð leiðigjarnt með árunum. Ég var ekki barnanna beztur í þessum efnum, því að eins og ég hafði sjálfur áhuga á öðrum þjóðum, taldi ég víst, að erlendir viðmælendur hefðu ekki minni áhuga á okkur. Oft hitti ég fólk, sem aldrei hafði séð Íslending áður, og þar eð ég taldi fullt eins líklegt, að það myndi aldrei síðan hitta annan landa, taldi ég nauðsyn á því að gusa yfir vesalings fólkið öllum jákvæðum fróðleik um okkur, sem ég hafði á takteinum. Framan af gekk ég að því gefnu, að menntað fólk í útlöndum vissi, hvað eddur og sögur væru, hefði heyrt um stórkostlega varðveizlu íslenzkrar tungu, þekkti Laxness og jafnvel Snorra Sturluson. Smám saman komst ég að því, að örfáir hafa heyrt um eddur og sögur, einna helzt Þjóðverjar fyrir ofan miðjan aldur, aðeins Skandínavar þekktu Laxness og eingöngu Norðmenn Snorra Sturluson. Verra var hitt, að sárafáir höfðu áhuga á að hlusta á þessa fræðslufyrirlestra mína, frumsamda á staðnum með glampa þjóðarstolts í augum, — sízt Frakkar, helzt Bandaríkjamenn. Á seinni árum hef ég reynt að stilla mig um slíka fræðslustarfsemi óumbeðinn, en hitt verð ég að játa, að fái ég minnsta tilefni, verð ég óstöðvandi, unz ég sé á dofnandi augnaráði viðmælenda, að nú er komið nóg. Viðvörun: Ekki reyna að skýra íslenzka nafnasiði fyrir útlendingum. Það er vonlaust. Þeir skilja þá aldrei til hlítar, en fá bara á tilfinninguna, að þeir séu ósköp skrítnir og asnalegir. Þegar þeir loks segjast skilja, er það aðeins merki þess, að þeir séu orðnir þreyttir á umræðuefninu.

Annars verð ég að segja, að þetta áhugaleysi útlendinga á högum annarra þjóða er meira hjá ungu fólki en gömlu, og gæti það haldizt í hendur við lélegri kennslu í landafræði og mannkynssögu í flestum löndum á síðari árum.

En hvað um agaleysi Íslendinga, sem kom þessu rabbi mínu af stað? Ég held, að ég verði að taka undir það, að þetta virðist sannkallað þjóðareinkenni hjá okkur flestum. Bæði skortir sjálfsögun og agahlýðni í skólum og vinnustöðum. Þetta finnst mér koma í ljós, sé miðað við siði í öðrum löndum. Við vitum alltaf sjálfir bezt og erum ekki reiðubúnir að hlýða öðrum. Ekki þarf þetta þó eingöngu að vera af hinu illa. Skyldi þetta ekki ýta undir frumkvæði og sjálfstæða hugsun? Eða er þetta bara ómerkileg frekja og tillitsleysi við aðra?

Það er langt síðan útlendingar tóku eftir þessu í fari Íslendinga, eins og víða er hægt að lesa um. Danskir embættismenn á Íslandi (og danskmenntaðir Íslendingar) kvörtuðu sáran undan því, sem þeir kölluðu „sjálfræði", en það fannst þeim ljótt orð. Ég vil ekki leggja annan dóm á þetta agaleysi en þann, sem miðað við aðrar þjóðir stingur það í augu. Miklu veldur sjálfsagt, að t.d. í Evrópu eru börn og unglingar óumdeilanlega mun lengur undir valdi foreldra og skóla en hér tíðkast. Þar verður unglingurinn ekki frjáls, fyrr en hann er orðinn sjálfstæður fjárhagslega og getur flutt að heiman. Hér vilja unglingar fá fullt frelsi, áður en þeir geta séð sér farborða og framfleytt sér fullkomlega sjálfir. Á móti kemur, að íslenzkir unglingar eru mun „fríari af sér" og hressilegri en venjulegt er um jafnaldra þeirra í Evrópu. Skyldan til þess að verja land sitt og þjóð og þarafleiðandi herskylda á ungum aldri veldur líka einhverju um öðru vísi hugsunarhátt.

Eitt þekktasta dæmi um agaleysi okkar er bréfletin. Langt er síðan útlendingar, sem þurfa að eiga viðskipti við Íslendinga, fóru að kvarta undan því, að bréfum þeirra væri helzt ekki svarað. Kannske fer það nú að lagast með telexum og teleföxum.

Sjálfsagt er það gott fyrir okkur, að gerast dálítið sjálfhverfir og hugsa um neikvæðu hliðarnar á okkur. Umhugsun og umræður ættu að bæta okkur, sé þörf á. Landkynning og sjálfsímynd, sem byggist á dryldni og sjálfsánægju, verkar öfugt á útlendinga og er sjálfum okkur hættuleg. Það hefur enginn gott af því að einblína á fegraða mynd af sjálfum sér.

MAGNÚS ÞÓRÐARSON